

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir 13. mgr. 86. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Diplómanám í farsæld barna er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í MA-nám í félagsráðgjöf, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

#### 2. gr.

Staflíður j í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 92. gr. reglnanna orðast svo: Til doktorsprófs í stjórnmálafræði, kynjafræði og opinberri stjórnsýslu.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 94. gr. reglnanna:

- a. 7. másl. 1. mgr. orðast svo: Til MS-prófs í markaðsfræði.
- b. 13. másl. 1. mgr. orðast svo: Til MS-prófs í reikningsskilum og endurskoðun.
- c. 4. og 5. másl. 4. mgr. orðast svo: Til M.Fin.- og MA-prófs er krafist 90 eininga hið minnsta. Nánari reglur um MS/MA-nám en fram koma í þessum kafla skulu staðfestar af háskólaráði sbr. ákvæði 66. og 69. gr. þessara reglna.
- d. 2. másl. 9. mgr. orðast svo: Námið er 120 einingar, þar af eru 90 einingar í námskeiðum og 30 eininga lokaritgerð.
- e. 10. mgr. orðast svo:  
Skipan MS-náms í reikningsskilum og endurskoðun miðast við fjögur misseri. Námið er 120 einingar hið minnsta. Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði og námskröfur.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. reglnanna:

- a. Á eftir staflíð d í 1. mgr. bætist við nýr staflíður, svohljóðandi: Til meistaraþrófs í geðhjúkrun.
- b. Á eftir 6. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
MS-nám í geðhjúkrun er tveggja ára bóklegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Landspítala, 120 einingar, að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Nemendur brautskrást með sameiginlega prófgráðu frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, sbr. 62. gr.

#### 5. gr.

Á eftir 9. mgr. 98. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Inntökuskilyrði í námsleiðina geðhjúkrun, MS, er BS-próf í hjúkrunarfræði og íslenskt hjúkrunarleyfi. Innritun er miðuð við tiltekinn stúdentafjölda á hverju ári, samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, að fengnum rökstuddum tillögum fræðasviðs heilbrigðisvísinda fyrir hönd deildar. Verði umsækjendur fleiri en nemur þeim fjölda sem háskólaráð ákvarðar fjallar námsstjórn í geðhjúkrun um umsóknirnar og tekur ákvörðun um val stúdenta, samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur, að fengnum tillögum deildar, og birtar skulu í kennsluskrá.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 111. gr. reglnanna:

- a. Staflíður c í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. fellur brott.
- b. Núverandi d-líður í 1. mgr. orðast svo: Til *meistaraprófs*: Embættispróf í guðfræði (*mag. theol.*), meistaranám í guðfræði (*MA* – einungis fyrir þá sem hafa lokið cand. theol.-gráðu), meistaranám í trúarbragðafræði (*MA*), meistaranám til kennslu í kristinfræði og trúarbragðafræði (*MA*) og meistaranám í djáknafræði (*MA*).

- c. 3. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðsins „djáknaprófs“ í 1. másl. núverandi 8. mgr. koma orðin: meistaraprófs í djáknafræði.
- e. Í stað orðanna „Á fyrsta námsári“ í 2. másl. núverandi 9. mgr. koma orðin: Á tveimur fyrstu námsárunum.
- f. Lokamálsliður núverandi 9. mgr. orðast svo: Að loknu námi í kjarna geta stúdentar valið á milli náms til BA-prófs í guðfræði og náms til BA-prófs í almennum trúarbragðafræðum.
- g. Núverandi 12. mgr. fellur brott.
- h. Núverandi 14. mgr. fellur brott.

7. gr.

Á undan orðinu „miðaldafræði“ í upptalningu kennslugreina í c-lið 1. mgr. 115. gr. reglnanna bætist við orðið: menningarmiðlun.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 14. janúar 2022.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Dórður Kristinsson.*